

Samband sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu  
b.t. Páls Guðjónssonar, framkvæmdastjóra,  
Hamraborg 9,  
200 Kópavogur

Hafnarfirði, 17. júlí 2014  
1109119 RE

Efni: Samráðshópur SSH um þjónustu við fatlað fólk

Á fundi Samráðshóps SSH um þjónustu við fatlað fólk þann 16. júlí s.l. var eftirfarandi bókað:

*”Formaður leggur fram drög að skýrslu um starfsemi samráðshópsins árið 2013. Formaður fór yfir skýrsluna með fundarmönnum og voru einstök atriði hennar rædd. Formaður mun senda skýrsluna til stjórnar SSH.*

*Vakin er athygli á því að samningur um samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um þjónustu við fatlað fólk rennur út 31. desember 2014 og þar með einnig umboð samráðshópsins. Samningsaðilar skulu ákveða sameiginlega fyrir 1. september 2014 hvort stefna skuli að endurnýjun samningsins. Formaður mun skrifa stjórn SSH bréf þar sem mælst er til þess að samningurinn verður endurnýjaður og umboð samráðshópsins þar með einnig.”*

Hér með er ofangreindri beiðni komið á framfæri.

Meðfylgjandi er skýrsla samráðshópsins fyrir árið 2013, skýrsla mats- og inntökuteymis tímabilið 1. júní 2013 - 31. maí 2014 og samstarfssamningur sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um þjónustu við fatlað fólk.

Virðingarfyllst,

---

Rannveig Einarsdóttir  
Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar